

SKOÐUN



Er verið að færa menntun kennara hálföld aftur í tímann?

Atli Harðarson skrifar · 6. júní 2023 09:31

Kann að meta 61

Fyrir rúmlega hálfri öld færðist nám grunnskólakennara á háskólastigi. Það var áður fjögurra og þar áður þriggja ára nám á framhaldsskólastigi. Á tímabili gátu nemendur sem luku því bætt við sig ársnámi til að útskrifast með stúdentspróf. Á sama tíma var þorri framhaldsskólakennara með háskólagráðu í kennslugrein sinni en enga sérstaka menntun í kennslufræði.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar reyndu yfirvöld menntamála að auka fagmenntun kennarastéttarinnar. Með lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum (nr. 48/1986) var þess til að mynda krafist að framhaldsskólakennarar hefðu árs nám í kennslufræði til viðbótar við bakkalárpróf (þ.e. BA eða BS) í bóklegri kennslugrein eða meistaraþéttindi í iðngrein. Sérstök ákvæði voru um réttindi til kennslu í listum og íþróttum en meginreglan var að kennarar skyldu hafa töluverða formlega menntun á háskólastigi.

Á fyrsta áratug þessarar aldar var enn bætt við kröfurnar og með lögum nr. 87 frá 2008 var kveðið á um að kennarar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum skyldu hafa lokið fimm ára háskólanámi. Undantekning voru kennarar í iðngreinum sem skyldu hafa meistaraþéttindi í iðn sinni auk eins árs diplómunáms í kennslufræði á háskólastigi. Þetta eins árs diplómunám fyrir iðnmeistarar var og er opið nemendum óháð því hvort þeir hafa stúdentspróf.

Fljótlega eftir að lögin frá 2008 tóku gildi dró úr aðsókn í að minnsta kosti sumt kennaranám. Mest var fækkun útskrifaðra nemenda úr leikskólakennaranámi. Menn spurðu sig því hvort fimm ár í háskóla væru of mikið, hvort yfirvöld hefðu híft um of og þörf væri að slaka. Ef til vill er þriðja og nýjasta lagasetningin um starfsréttindi kennara (nr. 95/2019) einhvers konar svar við þessum spurningum. Með henni er skilgreint eitt starfsheiti fyrir kennara á skólastigunum þremur.

Enn er sumt óljóst um framkvæmd laganna frá 2019 þótt liðin séu fjögur ár frá setningu þeirra. Séu þau skilin bókstaflega er ekki látið duga að slaka ofurlítið. Það er farið meira en hálföld aftur í tímann þar sem nú virðist hægt að fá kennsluréttindi og leyfi til að nota lögverndað starfsheiti eftir nám sem er aðeins fjögur ár umfram skyldunám í grunnskóla.

Áður gátu fáir nema iðnmeistarar fengið kennsluréttindi í framhaldsskóla án háskólagráðu í grein. Sérstaða þeirra var töluverð enda búa hefðbundnar iðngreinar að sterkum menntahefðum og brekkan sem þarf að klífa til að verða iðnmeistari er viðbót við þriggja eða fjögurra ára nám til sveinsprófs. Með lögnum frá 2019 er hins vegar opnað fyrir það (í 9. gr.) að fólk sem lokið hefur hvers kyns „lögiltu starfsréttindaprófi úr framhaldsskóla“ og eins árs námi í kennslufræði á háskólastigi geti fengið kennaraþéttindi. Margt nám sem fellur undir þetta er samtals aðeins fjögur ár eftir skyldunám og nemendur sem ljúka því eiga í flestum tilvikum spottakorn eftir í stúdent og drjúgan spöl í að ljúka námi til stúdentsprófs eins og það var áður en ríkið tók að setja framhaldsskólum reglur um innihald þess undir lok síðustu aldar. En sagan af því hvað orðið er um stúdentsprófið er efni í aðra grein. Hér læt ég duga að spyrja hvort fólk sem skrifaði gildandi lög um kennaramenntun ætlaði í raun og veru að slaka svona mikið, fara meira en hálföld aftur í tímann, eða hvort þetta voru einhvers konar mistök.

Til viðbótar við að opna á kennsluréttindi eftir fremur stutta skólagöngu draga lögin frá 2019 úr kröfum um sérhæfingu framhaldsskólakennara í kennslugrein. Hún getur nú verið miklu minni en hefðbundið bakkalárpróf og þar með minni en það sem yfirleitt var farið fram á þegar kennarar voru ráðnir til starfa í framhaldsskólum áður en starfsheiti þeirra var fyrst lögverndað árið 1986.

Þetta átti sér dálítinn aðdraganda. Í aðalnámskrá frá 2011 opinberaði ráðuneyti menntamála furðuverk mikið sem er þrepaskipting náms. Hún dregur dóm af viðmiðum frá UNESCO sem kallast ISCED (International Standard Classification of Education) og er töluasetning á skólastigum þar sem leikskóli er á hæfniprepi númer 0; barnaskóli (eða yngsta stig og miðstig grunnskóla) númer 1; gagnfræðaskóli (eða unglingastig grunnskóla) númer 2; framhaldsskóli númer 3 og svo framvegis upp í doktorsnám á háskólastigi. En íslenska furðuverkið er ekki töluasetning á skólastigum því samkvæmt því raðast nám í framhaldsskóla á fjögur mismunandi hæfniprep, númer 1 til 4. Mér vitanlega hafa yfirvöld menntamála hér á landi aldrei útskýrt hvers vegna þeim datt í hug að innleiða alþjóðlegan kvarða sem er notaður til að bera saman nám í ólíkum löndum og gerbreyta honum svo að tölurnar hér eru ekki sambærilegar við neitt sem þekkist annars staðar á byggðu bóli.

Framan af héldu líklega flestir að þrepafurðuverkið skipti litlu máli en með lögum um menntun kennara nr. 95 frá 2019 tók það að hafa afleiðingar. Löggin segja (í 5. gr.) að til að kenna á fyrsta hæfniprepi dugi að hafa eins og hálfis árs háskólanám í kennslugrein (eins og til dæmis líffræði eða sagnfræði). Þetta er helmingur af þriggja ára bakkalárnámi. Samkvæmt gildandi aðalnámskrá er drjúgur hluti (á að giska um fjórðungur) af kennslu í framhaldsskólum landsins á þessu sama prepi og nám ungra barna. Víða annars staðar í Evrópu, þar sem unglingastig grunnskóla er á öðru prepi og framhaldsskólinn á því þriðja, þarf talsvert meiri menntun í kennslugrein til að kenna á þeim tveimur skólastigum heldur en krafist er af þeim sem kenna börnum á fyrstu árum skyldunáms. Hér er þessu snúið á haus og sérhæfing í kennslugrein sem býr fólk undir að kenna ungum börnum látin duga til að kenna unglingum í framhaldsskóla.

Það er vægast sagt mjög undarlegt að lögvernda starf, leyfa sumum að gegna því en öðrum ekki, nema tryggja að þeir sem fá starfsréttindin hafi upp til hópa forsendur til að vinna talsvert betur en þorri þeirra sem ekki hafa slík réttindi. Sé ætlunin að fara aftur í tímann er sennilega betra að hafa þetta bara eins og fyrir gildistöku laganna frá 1986. Hver umsækjandi þurfti þá að sannfæra skólastjóra um menntun sína og hæfni án þess að veifa neinu leyfisbréfi frá yfirvöldum. Ég held að flestir sem þá sóttust eftir kennarastöðum við framhaldsskóla hafi gert það með skírteini upp á meiri menntun í kennslugrein en nú virðist duga til að öðlast lögverndað starfsheiti kennara.

Höfundur er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Skóla- og menntamál

Athugið. Vísir hvetur lesendur til að skiptast á skoðunum. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Lesendur skulu halda sig við málefnalega og hófstilla umræðu og áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ummæli og/eða umræðu sem fer út fyrir þau mörk. Vísir mun loka á aðgang þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni eða gerast ítrekað brotlegir við ofangreindar umgengisreglur.

Velkomin á Vísir. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)